



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2008

Tilvísun: UST20080200180/bs


Norðausturvegur um Hólaheiði. Breyting á veglínu og efnistöku. Umsögn

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Breyting framkvæmdarinnar felst annars vegar í færslu veglínunnar ýmist til að "draga úr raski á landslagi" eða af öryggisástæðum vegna flugvallar. Breytingar á veglínu eru allar innan framkvæmdabeltis sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hins vegar er um að ræða nýja námu við stöð 4000. Þessi nýja náma, er í hrauni og kemur í stað námu sem kölluð er X í umhverfismati. Ástæður þessarar breytingar eru þær að lítið er um laust efni í námu X. Að auki er talið að ný náma muni hafa minni sjónræn áhrif í för með sér, auðveldara verði að fella hana að nánasta umhverfi og minna svæði verði raskað en hefði orðið við efnistöku úr námu X. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um frágang námunnar. Áhrif efnistöku úr nýrri námu á hraun eru að öðru leyti sambærileg áhrifum efnistöku úr námu X.

Mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hófaskarðsleið fór fram árið 2005 og var fallist á framkvæmdina með skilyrðum. Umhverfisstofnun telur umræddar breytingar á Norðausturvegi frekar til bóta og að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir gefi fullnægjandi mynd af þeim áhrifum sem framkvæmdin mun hafa í för með sér. Nýtt mat á umhverfisáhrifum er ekki líklegt til að bæta neinu við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind breyting á Raufarhafnarleið muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson